

## Athugun á laxa- og fiskalús 15. ágúst 2017

Priðjudaginn 15. ágúst var farið í athugun og talningu á laxa- og/eða fiskilús á löxum í kvíum Arctic Sea Farm hf. við Gemlufall í Dýrafirði. Athugunin er liður í vottunarferli Artic Sea Farm hf. hjá alþjóðlegu samtökunum ASC (Aquaculture Stewardship Council) sem veita vottun fyrir ábyrgt og sjálfbært fiskeldi. Við framkvæmd athugunarinnar var haft til hliðsjónar leiðbeiningar Matvælastofnunar (Mast, 2014) og farið eftir samningi NV nr. 18-15.

Starfsmaður Náttúrustofu Vestfjarða var Cristian Gallo sem er einnig verkefnastjóri. Veður var með besta móti og vinnuaðstæður því góðar. Skipstjóri var Egill Ólafsson og farið var á bátnum Dýrfiski.

Við kvíapyrpinguna út af Gemlufall eru tíu kvíar en aðeins fjórar innihalda lax. Laxinn var settur í kvíar G1 og G10 í lok júní/byrjun júlí á þessum ári. Athugaðir voru 124 fiskar úr kví G1 og 33 fiskar úr kví G10. Niðurstöður athugana má finna í töflu 1. Upplýsingar um fjölda fiska og meðalþyngd þeirra fengust frá Agli Ólafssyni. Lýs sem voru ekki fastar við fiska voru teknar og geymdar á sýnasafni Náttúrustofunnar.

Tafla 1. Athugun á lús á fiskum úr kví G1 og G10 við Gemlufall í Dýrafirði 15.ágúst 2017.

Kví	Fjöldi í kví	Þyngd (gr)	Athugaðir fiskar	Fiskilús	Laxalús			Athugasemdir
					F	H	K	
G1	88.245	372,1	124	8	0	3	0	2 fastar lýs sem ekki var hægt að greina til tegundar
G10	91.653	476,8	33	1	0	0	0	

F= Fastar lýs  
H= Hreyfanlegar lýs  
K= Kynþroska kvenlýs

Greinagerð ritar Cristian Gallo, Bolungarvík, 15. ágúst 2017.

